

Ed.

1204. Breytingartillaga

[5. mál]

við frv. til útvarpslaga.

Frá Haraldi Ólafssyni.

Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Útvarpsstöðvum er heimilt að afla tekna með afnotagjaldi, auglýsingum eða sérstöku gjaldi vegna útsendingar fræðslu- og skýringarefnis.

Sé útsendingum þannig háttað að einungis notendur með sérstakan útbúnað ná þeim er slíkum útvarpsstöðvum óheimilt að birta auglýsingar í dagskrá.

Auglýsingar skulu skýrt afmarkaðar frá öðrum dagskrárliðum. Gjaldskrár fyrir auglýsingar skulu háðar samþykki útvarpsréttarnefndar.